

Aðalfundur Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Haldinn 30. október 2020 kl. 11:00 á rafrænu formi

Mættir voru 17 fulltrúar.

Fundur settur og starfsmenn fundarins kjörnir

Gauti Jóhannesson, formaður samtakanna, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Lagði hann til að Rebekka Hilmarsdóttir yrði fundarstjóri og Valgerður Ágústsdóttir fundarritari.

Samþykkt samhljóða.

Rebekka tók við fundarstjórn og lagði til að umræður um 1.-3. lið yrðu teknar samhliða að loknum þriðja dagskrárlið. Var það samþykkt.

1. Skýrsla stjórnar

Gauti Jóhannesson fór yfir skýrslu stjórnar sem lögð var fyrir fundinn. Skýrslan var send út með aðalfundarboði og fylgir fundargerð þessari.

2. Ársreikningar og starfs- og fjárhagsáætlun

Fannar Jónasson fór yfir ársreikninga samtakanna fyrir árin 2018 og 2019. Árið 2018 var afkoma ársins neikvæð um 849 þús. kr. Árið 2019 var afkoma ársins neikvæð um 379 þús. kr.

Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að afkoma ársins 2021 verði jákvæð um 407 þús. kr., og hið sama gildi um árið 2022.

Innistæða á bankareikningi samtakanna þann 29.10.2020 var rúmlega 6,3 m. kr.

3. Ákvörðun um árgjöld og þóknun stjórnar

Í fjárhagsáætlun 2021-2022 leggur stjórnin til að aðildargjöld verði óbreytt frá því sem nú er.

Lagt var til að þóknun stjórnar verði óbreytt eða 20.000 kr. á stjórnarmann og 40.000 kr. á formann fyrir hvern fund.

Ársreikningar, fjárhagsáætlun ásamt ákvörðunum um árgjald og þóknun stjórnar voru borin upp til samþykktar og samþykkt samhljóða.

4. Lagabreytingar

Engar lagabreytingar hafa verið lagðar fyrir aðalfund.

5. Kosning formanns, annarra stjórnarmanna og varamanna

Fyrir hönd stjórnar kynnti Gauti Jóhannesson, formaður, tillögu að nýrri stjórn, varastjórn og formanni.

Lagt var til að formaður stjórnar yrði Rebekka Hilmarsdóttir, bæjarstjóri í Vesturbyggð og að aðrir stjórnarmenn yrðu:

Jón Björn Hákonarson, bæjarstjóri í Fjarðabyggð

Matthildur Ásmundardóttir, bæjarstjóri í Sveitarfélaginu Hornafirði

Fannar Jónasson, bæjarstjóri í Grindavíkurbæ

Baldur Smári Einarsson, formaður bæjarráðs í Bolungarvíkurkaupstað

Varastjórn:

Gauti Jóhannesson, forseti sveitarstjórnar í Múlaþingi

Þorgeir Pálsson, sveitarstjóri í Strandabyggð

Njáll Ragnarsson, formaður bæjarráðs í Vestmannaeyjabæ

Tillögurnar voru bornar upp í tveimur afgreiðslum.

Bornar upp tillögur að aðalstjórn og varastjórn. Tillögur stjórnar samþykktar samhljóða.

Borin upp tillaga að nýjum formanni. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Rebekka þakkar stjórnarmönnum sem eru að ganga úr stjórn fyrir gott samstarf.

6. Kosning tveggja skoðunarmanna

Lagt var til að skoðunarmenn reikninga yrðu Jóhannes Á. Jóhannesson, sérfræðingur á hag- og upplýsingasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga og Jón Þórisson sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs Grindavíkurbæjar.

Til vara er gerð tillaga um Katrínu Pálsdóttur, fjármálastjóra í Bolungarvíkurkaupstað og Guðlaug Sæbjörnsson, fjármálastjóra í Múlaþingi.

Tillögur um skoðunarmenn samþykktar samhljóða.

7. Önnur mál

Engin önnur mál liggja fyrir.

Fundarslit

Gauti Jóhannesson þakkar fundarmönnum fyrir fundinn og þakkar kærlega fyrir samstarf í stjórn.

Fundi var slitið kl. 11:30

Valgerður Ágústsdóttir, fundarritari.